



Reykjavík, 29. september 2025

VEL25090014

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjárhagsaðstoð til einstaklinga af þeim þjóðernum sem nema meira en 1% af heildarfjölda notenda á fjárhagsaðstoð 2022-2024

Þann 3. september 2025 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Samkvæmt svari velferðarsviðs, dags. 1. september 2025 (VEL25060113), er ákveðin skipting milli þjóðerna þeirra sem þegið hafa fjárhagsaðstoð á árunum 2022-2024, meðal annars er þjóðerni þeirra sem nemur meira en 1,0% af heildarfjölda frá eftirfarandi ríkjum: Íslandi, Úkraínu, Venesúela, Póllandi, Palestínu, Afganistan, Sýrlandi, Írak, Litháen, Rúmeníu og Sómalíu. Spurt er, hver hefur verið árleg fjárhagsaðstoð til einstaklinga af þessum þjóðernum á nefndu tímabili, það er, á árunum 2022-2024?*

### Svar:

Á tímabilinu 2022-2024 voru greiddar 12,7 ma.kr. vegna fjárhagsaðstoðar. Kostnaður vegna annarra greiðslna sem ekki eru greindar niður á kennitölu s.s. greiðslur vegna útlendinga án kennitalna, átaksverkefni og greiðslur til þriðja aðila námu 528 m.kr. á sama tímabili. Sjá má skiptingu kostnaðar eftir þjóðernum og árum í töflu 1 í milljónum króna.

Tafla 1. Heildarútgjöld fjárhagsaðstoðar eftir þjóðerni


| Land            | 2022         | 2023         | 2024         |
|-----------------|--------------|--------------|--------------|
| Ísland          | 1.856        | 1.713        | 1.706        |
| Úkraína         | 707          | 914          | 844          |
| Venesúela       | 378          | 274          | 178          |
| Pólland         | 138          | 127          | 120          |
| Palestína       | 142          | 234          | 294          |
| Afganistan      | 109          | 114          | 123          |
| Sýrland         | 141          | 118          | 100          |
| Írak            | 117          | 81           | 57           |
| Litháen         | 67           | 76           | 70           |
| Rúmenía         | 55           | 74           | 81           |
| Sómalía         | 65           | 56           | 57           |
| 82 önnur lönd   | 369          | 333          | 296          |
| Annar kostnaður | 152          | 204          | 172          |
| <b>Samtals</b>  | <b>4.296</b> | <b>4.319</b> | <b>4.098</b> |



Reykjavík



Það ber þó að nefna að stór hluti útgjalda Reykjavíkurborgar vegna erlendra ríkisborgara var síðar endurgreiddur af ríkissjóði skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sjá má á mynd 1 hér að neðan heildarkostnað og endurgreidda fjárhæð vegna sama árs í milljónum króna.



Mynd 1. Heildarútgjöld fjárhagsaðstoðar og endurgreiðsla skv. 15. gr.

Með tilliti til endurgreiðslu voru nettó útgjöld vegna erlendra ríkisborgara á árunum 2022-2024 um 600-800 m.kr. árlega. Sjá má sundurliðun eftir íslenskum og erlendum ríkisborgurum ásamt heildargjöldum og endurgreiðslu í töflu 2. Endurgreiðsla frá ríkinu er vegna erlendra ríkisborgara sem hafa búið á Íslandi skemur en tvö ár. Því fór kostnaður hækkandi á árinu 2024 og hefur endurgreiðsla lækkað á árunum 2024 og 2025 samhliða fækkun notenda og notenda sem fullnýta tveggja ára tímabil fyrir endurgreiðslu.

Tafla 2. Gjöld fjárhagsaðstoðar 2022-2024 skipt eftir heildargreiðslu, endurgreiðslu og þjófðerni

|                              | 2022  | 2023  | 2024  |
|------------------------------|-------|-------|-------|
| Samtals fjárhagsaðstoð       | 4.296 | 4.319 | 4.098 |
| Ísland                       | 1.856 | 1.713 | 1.706 |
| Erlendir                     | 2.439 | 2.606 | 2.392 |
| Endurgreiðsla                | 1.837 | 2.004 | 1.582 |
| Nettó útgjöld vegna erlendra | 603   | 602   | 810   |